



Árþing AKÍS

Laugardagur 20. mars 2021 kl. 12:00

ÍSí salur E - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

Atriði vegna Covid-19 veirunnar á árþingi AKÍS 2021.

Árþing AKÍS er haldið eftir þeim fyrirmælum sem almannavarnir, landlæknir og sóttvarnalæknir hafa sett um samkomubann fyrir fleiri en 50 manns og að það séu örugglega í það minnsta tveir metrar milli manna. Þó er hópum sem verið hafa saman í gegnum samkomubannið heimilt að sitja saman.

Engir sem hafa flensueinkenni, eru í sóttkví eða einangrun mega koma á árþingið

Boðun:

1. Stjórn AKÍS
2. Heiðursformaður og heiðursfélagar
3. Framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri ÍSí
4. Héraðssambönd og íþróttabandalög samkvæmt 2. grein laga AKÍS
5. Fastráðnir starfsmenn AKÍS
6. Allir nefndarmenn AKÍS
7. Fulltrúi frá Flugbjörgunarsveitinni á Hellu og Brautinni, Bindindisfélagi Ökumanna.



Árspaning AKÍŠ

Laugardagur 20. mars 2021 kl. 12:00

ÍSí salur E - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

Dagskrá:

| Klukkan | Dagskrárliður | Mín |
|---------|---|-----|
| 12:00 | Þingsetning | 10 |
| 12:10 | Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar | 5 |
| 12:15 | Kosning þingforseta | 1 |
| 12:16 | Kosning þingritara | 1 |
| 12:17 | Ávarp gesta | 5 |
| 12:22 | Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt | 20 |
| 12:42 | Reikningar AKÍŠ skoðaðir af skoðunarmönnum lagðir fram og kynntir | 10 |
| 12:52 | Álit kjörbréfanefndar | 8 |
| 13:00 | Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga | 15 |
| 13:15 | Samþykkt reikninga | 10 |
| 13:25 | Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram | 10 |
| 13:35 | Lagabreytingar Tillögur stjórnar AKÍŠ Tillögur frá Bílaklúbbi Akureyrar | 20 |
| 13:55 | Innsend mál Til upplýsinga: Reglugerð um keppnisráð AKÍŠ Reglugerð um regluráð Reglugerð um öryggisráð Lagt fram til umræðu: Kosning Akstursíþróttamanna ársins Afrestsstofna AKÍŠ 2020-2025 | 60 |
| 14:55 | Kosningar | 20 |
| 15:15 | Fundi slitið | |



Árspaning AKÍS

Laugardagur 20. mars 2021 kl. 12:00

ÍSí salur E - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

Tillögur um breytingar á lögum AKÍS

Tillögur frá stjórn AKÍS lögð fyrir árspaning 2021

7. grein

6. töluliður

| Var | Verði |
|------------------------|--|
| Allir nefndarmenn AKÍS | Formenn (eða fulltrúar þeirra) nefnda og ráða AKÍS |

8. grein

Nýr 12. töluliður

| Var | Verði |
|-----|---|
| | 12. Afreksstefna lögð fram, rædd og samþykkt. |

Rökstuðningur:

13. grein

| Var | Verði |
|---|--|
| Innan AKÍS skulu starfa keppnisráð fyrir hverja akstursíþróttagrein. Hvert aðildarfélag sem hefur haldið að minnsta kosti eina keppni í viðkomandi grein síðastliðin tvö ár eða er með keppni skráða á yfirstandandi keppnisári skipar fulltrúa í keppnisráð hversrar greinar. Stjórn AKÍS tilnefnir einn fulltrúa í hvert ráð. Ráðin skipa sjálf þá fulltrúa sem sjá um erlent samstarf í hverri grein. Nánar skal hlutverk keppnisráða skilgreint í reglugerð. | Innan AKÍS skulu starfa keppnisráð fyrir hverja akstursíþróttagrein. Aðildarfélagi sem hefur haldið að minnsta kosti eina keppni í tiltekinni keppnisgrein síðastliðin tvö ár eða er með keppni skráða á yfirstandandi keppnisári er heimilt að skipa fulltrúa í keppnisráð þeirrar greinar. Stjórn AKÍS er heimilt að skipa einn fulltrúa í hvert keppnisráð. Ráðin skipa sjálf þá fulltrúa sem sjá um erlent samstarf í hverri grein. Hlutverk og skipulag keppnisráða skal skilgreint í reglugerð. |



Árspaning AKÍŠ

Laugardagur 20. mars 2021 kl. 12:00

ÍSí salur E - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

17. grein verði 14. grein

| Var | Verði |
|---|---|
| Innan AKÍŠ starfar öryggisnefnd sem er ráðgefandi um öll öryggismál innan sambandsins. Stjórn AKÍŠ skipar formann og að lágmarki tvo aðra í nefndina eftir hvert árspaning. Hlutverk öryggisnefndar skal skilgreint í reglugerð. | Innan AKÍŠ skal starfa öryggisráð sem er ráðgefandi um öll öryggismál innan sambandsins. Stjórn AKÍŠ skipar formann og að lágmarki tvo aðra í ráðið til eins árs í senn og skal leitast við að velja einstaklinga sem sérfróðir eru um málefnið og hafa víðtæka þekkingu á mismunandi greinum akstursíþróttar. Hlutverk og skipulag öryggisráðs skal skilgreint í reglugerð. |

15. grein (ný grein)

| Var | Verði |
|-----|--|
| | Innan AKÍŠ skal starfa regluráð til að fara yfir, samræma og vera ráðgefandi um reglur AKÍŠ. Stjórn AKÍŠ skipar formann og að lágmarki tvo aðra í ráðið til þriggja ára í senn. Hlutverk og skipulag regluráðs skal skilgreint í reglugerð. |

14. grein verði 16. grein

15. grein verði 17. grein

16. grein verði 18. grein

Liður 4

| Var | Verði |
|--|--|
| halda utan um þær greinareglur sem keppnisráð hafa samið | staðfesta og birta reglur sem lagðar eru fyrir hana af regluráði; |

18. grein verði 19. grein

19. grein verði 20. grein

20. grein verði 21. grein

21. grein verði 22. grein

| Var | Verði |
|--|---|
| Félagaskipti eru opin, en farið er eftir keppnisreglum AKÍŠ og Móta- og keppendareglum ÍSí. | Félagaskipti eru opin, en farið er eftir reglugerð AKÍŠ um keppnishald og Móta- og keppendareglum ÍSí. |

22. grein verði 23. grein



Árspaning AKÍS

Laugardagur 20. mars 2021 kl. 12:00

ÍSí salur E - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

23. grein verði 24. grein

24. grein verði 25. grein

Lagatillaga frá BÍlaklúbbsi Akureyrar

Kosning stjórnar AKÍS verði hætt í því formi sem hún er og við tæki:

Hvert það aðildarfélag AKÍS sem haldið hefur að minnsta kosti eina keppni til Íslandsmeistara í einhverri af þeim keppnisgreinum sem keppt er í undir AKÍS síðastliðin 2 ár og hefur á komandi keppnisalmanaki að minnsta kosti eitt Íslandsmeistaramót á komandi sumri skipar einn mann í stjórn AKÍS og einn til vara í hans stað, fjöldi stjórnarmanna ræðst af fjölda virkra aðildarfélaga. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum að loknu ársþingi ár hvert og skipar í stöður að meðtalinni formannsstöðu til eins árs í senn.

Rök fyrir því hvers vegna þetta er lagt til er að jafna hlut allra aðildarfélaga að því að eiga sæti í stjórn AKÍS og koma í veg fyrir að félög geti komið að fleiri en einum og jafnvel mörgum mönnum í stjórn AKÍS innan eins félags og myndað þannig stöðu að verða með ráðandi hlut í stjórn AKÍS.

Það hefur borið á því að félög séu að leggja í einhverskonar atkvæðaveiðar til að koma sínum mönnum að frekar en öðrum og er það okkar skoðun að slíkt fyrirkomulag sé frekar til þess fallið að valda togstreitu og hugsanlegum leiðindum milli félaga sem ættu að verða að engu ef þessi leið sem við leggjum til fengist samþykkt.

Með því fyrirkomulagi sem við leggjum til yrðu álíka margir í stjórn AKÍS eins og nú er þar sem stjórnin er byggð upp á 7 stjórnarmönnum og 3 varamönnum í dag.

Það yrði ekki skylda aðildarfélaganna að leggja til mann í stjórn en ef svo færi að t.d 8 yrðu í stjórn þá þyrfti að finna leið til að skera úr um álitamál ef atkvæði færu jafnt á stjórnarfundum um einhver mál sem þyrfti að skera úr með atkvæðagreislu og þá væri og er ekki óalgengt að atkvæði formanns myndi gilda tvöfalt í þeim tilfellum.



Árspaning AKÍŠ

Laugardagur 20. mars 2021 kl. 12:00

ÍSí salur E - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

Framboð til stjórnar AKÍŠ 2021

Framboð til formanns:

Helga Katrín Stefánsdóttir

Í stjórn halda áfram:

- Árni Gunnlaugsson
- Fylkir Jónsson

Framboð til stjórnar (í stafrófsröð):

Til tveggja ára:

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir

Aron Steinn Guðmundsson

Baldvin Hansson

Halldór Viðar Hauksson

Hanna Rún Ragnarsdóttir

Framboð til stjórnar (í stafrófsröð):

Til eins árs:

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir

Aron Steinn Guðmundsson

Halldór Viðar Hauksson

Hanna Rún Ragnarsdóttir

Framboð til varastjórnar (í stafrófsröð):

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir

Aðalsteinn Símonarson

Aron Steinn Guðmundsson

Einar Gunnlaugsson

Halldór Viðar Hauksson

Hanna Rún Ragnarsdóttir



Árþing AKÍ

Laugardagur 20. mars 2021 kl. 12:00

ÍSí salur E - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

Innsend mál